

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 92 24. desember 1955 sbr. lög nr. 84 31. maí 1976, öðlast þegar gildi og skulu ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við greiðslu innheimtulauna á árinu 1978 vegna innheimtu ársins 1977.

Fjármálaráðuneytið, 14. ágúst 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

12. júní 1978.

Nr. 295.

AUGLÝSING**um umferð í Vestmannaeyjum.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Legu Dalavegar hefur verið breytt þannig að hann verður nú beint framhald af neðri hluta Strembugötu, þar til hann mætir gamla Dalavegi skammt norðan við Strembu. Allar aðliggjandi götur hafi biðskyldu fyrir hinni nýju akstursleið.
2. Miðstræti hefur biðskyldu fyrir Kirkjuvegi.
3. Hrauntún hefur biðskyldu fyrir Illugagötu.
4. Bifreiðastöður bannaðar norðan megin á Hásteinsvegi.
5. Bifreiðastöður bannaðar vestan megin á Heiðarvegi.
6. Bifreiðastöður verði bannaðar norðan megin á Strandvegi, auk þess að sunnan frá Flötum að Hlíðarvegi.
7. Bifreiðastöður verði bannaðar norðan megin á Kirkjuvegi, frá Heiðarvegi að Illugagötu.

Framangreindar reglur taka gildi 1. júlí n. k.

Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum, 12. júní 1978.

Kristján Torfason.

26. júní 1978.

Nr. 296.

AUGLÝSING**um umferð á Akureyri.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eftirtaldar götur eru aðalbrautir:

1. Hlíðarbraut frá Hörgárbraut að Hlíðarfjallsvegi.
2. Skarðshlíð.
3. Höfðahlíð.
4. Fosshlíð.
5. Smárahlíð.
6. Sindragata.

Umferð um Höfðahlið skal vikja fyrir umferð um Skarðshlið á vesturmörkum Höfðahliðar.

Umferð um Skarðshlið viki fyrir umferð um Höfðahlið við Höfðahlið 1.

Umferð um Fosshlið viki fyrir umferð um Skarðshlið.

Umferð um Smárahlið viki fyrir umferð um Skarðshlið.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 26. júní 1978.

Ófeigur Eiríksson.

Nr. 297.

9. ágúst 1978.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Þjónustumiðstöð bókasafna, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. ágúst 1978. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þjónustumiðstöð Bókasafna.

1. gr.

Stofnunin heitir Þjónustumiðstöð bókasafna og er sjálfseignarstofnun. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að bæta bókasafnsþjónustu á Íslandi. Skal það gert m. a. á eftirfarandi hátt:

- A. Að vinna að miðskráningu bóka.
- B. Að gefa út alls konar bókfræðileg gögn, t. d. spjaldskrárspjöld, samskrár, bókaskrár, bókfræðilykla, upplýsingarit um nýjar útgáfur bóka, platna og snældna.
- C. Að gefa út rit, sem varða starfsemi bókasafna, t. d. leiðbeiningarbækur fyrir bókaverði og rit varðandi stefnur í bókasafnsmálum almennt.
- D. Að annast sameiginleg innkaup bókasafna á safnkosti og sjá um hand og frágang bóka til útláns.
- E. Að framleiða ýmis konar bókasafnsvörur og dreifa þeim til safna.
- F. Að veita sérfræðilega aðstoð og ráðgjöf, sem horfir til heilla íslenskur bókasófnum.

3. gr.

Stofnendur Þjónustumiðstöðvar bókasafna eru Bókavarðafélag Íslands og Félag bókasafnsfræðinga. Félagsmenn þessara félaga á hverjum tíma ráða rekstri stofnunarinnar og annast eignir hennar.

4. gr.

Stofnframlag til Þjónustumiðstöðvar bókasafna skal vera kr. 8 750 000.00 — áttamilljónirsjö hundruð og fimmtíu þúsund krónur —, en í fjárhæð þessari felst ólaunað vinnuframlag félagsmanna í Bókavarðafélagi Íslands og Félagi bókasafnsfræðinga vegna útgáfu bókaskrár og spjaldskrárspjalda og styrkir úr Vísindasjóði og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til sama verkefnis, enda taki stofnunin að sér að ljúka verkefninu og verji hagnaði af sölu nefndra gagna í samræmi við ákvæði 2. greinar.

5. gr.

Æðsta vald í málefnum stofnunarinnar, innan þeirra marka sem stofnskrá þessi og landslög setja, er í höndum lögmatra aðalfunda eða lögmatra aukafunda.